

Endurskoðuð fjárhagsáætlun 2020**GREINARGERÐ**

Meðfylgjandi endurskoðuð áætlun er ætlað að sýna fyrirhugaðan rekstur Skógasafns á árinu 2020. Heimsfaraldur kórónuveiru hefur haft mikil áhrif á starfsemi safnsins og því hefur fjárhagsáætlun fyrir árið 2020 verið endurskoðuð. Áætlunin er á verðlagi samkvæmt verðskrá 2019. Í áætluninni er rekstrinum skipt í fjórar deildir í samræmi við ársreikning en þær eru: Byggðasafn; Héraðsskjalasafn; Skógaskóli (ferðapjónusta) og Skógakaffi.

Áætlunin er byggð á spá um rekstrarafkomu safnsins árið 2020 miðað við þær breytingar sem hafa átt sér stað eftir heimsfaraldur kórónuveiru. Ársreikningur 2018 er hafður í fyrsta dálki til viðmiðunar. Áætlunin tekur hvorki til fjárfestinga né efnahags.

Byggðasafnið:

Tekjur:	67.650.000
Gjöld:	91.127.609

Tekjutap f. fjármagnsliði 23.477.609

Tekjutap e. fjármagnsliði 27.569.276

1. TEKJUR:

Helstu tekjustofnar safnsins eru aðgangseyrir og vörusala sem hafa skapað um 80-90% af tekjum. Samkvæmt þessari áætlun verða tekjur af aðgangseyri 22.350.000 og vörusala er áætluð 6,5 milljónir. Aðgangseyrir og vörusala verða því 43% af tekjum safnsins samkvæmt þessari áætlun.

Áætlun um tekjur af aðgangseyri, forsendur:

Áætlaður gestafjöldi árið 2020 eru 15.000 gestir og meðalverð aðgöngumiða er áætlað kr. 1.490. Aðgangseyrir fyrir hópa á vegum ferðaskrifstofa var hækkað í kr. 1.700 árið 2019 og er þá leiðsögn innifalin í miðaverði (hér er um listaverð að ræða, en þær ferðaskrifstofur sem eru í hópi helstu viðskiptavina safnsins fá nokkurn afslátt frá þessu verði).

Aðgangseyrir einstaklinga verður áfram kr. 2.000 (óbr. frá 2015). Aðgangur fyrir börn yngri en 12 ára verði áfram ókeypis en unglingar 12-17 ára greiði kr. 1.200,- Aldraðir og öryrkjar greiði sama verð og hópar. (sjá skýringu 1)

Safnverslun – vörusala:

Vörusala fyrstu 8 mánuði þessa árs nam 5,4 milljónum króna sem er mikil lækkun miðað við sama tímabil ársins 2019 þegar salan nam 17 milljónum króna. Allt frá árinu 2015 hefur Samgöngusafnið verið opið allt árið um kring líkt og Byggðasafnið og hefur það skilað aukinni veltu í versluninni og ánægjulegri upplifun gesta yfir vetrarmánuðina. Nú þegar koma örfáir gestir á safnið er erfitt að réttlæta það að hafa Samgöngusafnið opið allt árið. Með því að loka Samgöngusafninu á meðan ekki eru fleiri safngestir væri hægt að draga úr launakostnaði (skýr.

1)

Framlög héraðsnefnda.

Í þessari endurskoðuðu fjárhagsáætlun er gert ráð fyrir 12.000.000 framlagi frá eigendum safnsins árið 2020. (skýring 2)

Önnur framlög.**a) Safnasjóður – 7.200.000**

Skógasafn hefur fengið úthlutað verkefnastyrki til að vinna ákveðin skilgreind verkefni árið 2020.

b) Þjónustuframlög vegna Samgöngusafns.

Vegagerðin greiðir Samgöngusafninu kr. 5.500.000 fyrir sýningar- og geymslurými fyrir árið 2019. Samtals eru þessi framlög áætluð kr. 9.000.000 árið 2020. (skýring 3)

c) Styrkur úr Frímerkja- og póstsögusjóði

Á árinu 2019 var Frímerkja- og póstsögusjóður lagður niður að frumkvæði samgöngu- og sveitarstjórnarráðherra. Veittir voru styrkir úr sjóðnum fyrir stofnanir, einstaklinga og söfn fyrir varðveislu, kynningu og fræðslu er tengjast frímerkja- og póstsögu. Skógasafn fékk úthlutað styrk upp á kr. 9.200.000 fyrir verkefni tengd viðfangsefninu sem greiddur var út snemma árs 2020.

2. GJÖLD:**Kostnaðarverð seldra vara.**

Vörunotkun árið 2020 er áætluð kr. 1.950.000 sem er lækkun um 86% frá ársreikningi 2018. (skýring 4)

Laun og launatengd gjöld.

Launakostnaður Byggðasafnsins er áætlaður 54.301.032 eða 59,6% af rekstrargjöldum. Ekki er gert ráð fyrir eignfærslu launa á árinu vegna framkvæmda. Laun umsjónarmanns fasteigna hafa samkvæmt þessari áætlun að mestu verið færð á deild Byggðasafnsins. Laun og lífeyrissjóðsgreiðslur hafa hækkað umtalsvert á undanförunum árum samkvæmt nýjum kjarasamningum og gera má ráð fyrir áframhaldandi hækkun launa á komandi árum. (skýr. 5)

Rekstur fasteigna og viðhald.

Undir þennan lið fellur kostnaður við rafmagn, tryggingar, hreinlætisvörur, viðhald og endurbætur húsnæðis og lóðar. Kostnaður við viðhald safnhúsa og umhirðu lóðar er áætlaður kr. 1.400.000. Samtals er gert ráð fyrir að kostnaður við þennan lið nemi kr. 3.671.500 og er það lækkun um 43% frá ársreikningi 2018. (sjá skýr. 6)

Söfnunar- og sýningarkostnaður.

Á árinu 2020 verður haldið áfram vinnu við forvörslu safnmuna á sýningum, húsasafni og í geymslum. Haldið verður áfram ljósmyndun safngripa og skráningu óskráðra muna í Sarp. Lögð verður áhersla á geymslur safnsins og hugað að skráningu og varðveislu gripa sem ekki eru á sýningu með það að markmiði að geymslur safnsins nýtist betur. Haldið verður áfram að vinna í uppsetningu á gripum í Byggðasafninu samkvæmt fyrirhuguðum breytingum. Alls er söfnunar- og sýningarkostnaður áætlaður kr. 3.030.000 (skýring 7)

Annar rekstrarkostnaður.

Þessi kostnaðarliður samanstendur af mörgum smáum liðum sem sumir eru þess eðlis að vera breytilegir frá ári til árs en aðrir síður. Samkvæmt þessari áætlun mun annar rekstrarkostnaður lækka um 35% frá ársreikningi 2018. Gjöld undir þessum lið eru áætluð kr. 14.923.077 (skýring 8).

Héraðsskjalasafnið:**1. Tekjur: 7.360.000**

Gert er ráð fyrir að framlag héraðsnefnda verði kr. 6.600.000 á árinu 2020 og árlegt framlag Þjóðskjalasafns Íslands verði kr. 760.000. Framlag Þjóðskjalasafns miðast við að eitt stöðugildi sé við safnið. Sé um minna en eitt stöðugildi að ræða fellur framlagið niður að mestu. Gert er ráð fyrir að tekjur af þjónustu við myndapantanir verði kr. 20 þúsund. Aðrir tekjumöguleikar eru ekki fyrir hendi.

2. Gjöld: 8.507.096

Launakostnaður er áætlaður 4.122.496. Annar kostnaður er áætlaður kr. 3.860.100 og þátttaka í rekstri húsnæðis kr. 524.500

Samkvæmt áætluninni verður tap á rekstrinum árið 2020 að upphæð **kr. 1.037.096**, en í árslok 2018 var skuld þessarar deildar við samstæðuna 9,1 milljónir.

Skógaskóli:**1. Tekjur: 0**

Á undanförunum árum hefur safnið leigt húsnæði Skógaskóla yfir sumarmánuðina til Hótel Eddu en staðfest hefur verið að því samstarfi er nú lokið.

2. Gjöld: 9.143.030

Stærsti gjaldaliðurinn er rekstur fasteigna, kr. 5.952.432. Þar er rafmagn og hiti ásamt fasteignagjöldum stærstu kostnaðarliðirnir. Hluti af launum húsvardar eru færð á þennan lið en þó í minna mæli en áður, enda ekki gert ráð fyrir hótélrekstri í Skógaskóla sumarið 2020.

Áætlunin gerir ráð fyrir að rekstur þessarar deildar verði neikvæður árið 2020 en byggingum Skógaskóla fylgir töluverður fastur rekstrarkostnaður. Kostnaður við kostnaðaráætlun og ástandsgreiningu bygginga Skógaskóla sem fór fram á árinu reiknast undir þessa deild og er kr. 2.390.706.

Skógakaffi:**1. Tekjur: 2.200.000**

Tekjur af almennri veitingasölu eru áætlaðar 2,2 milljónir króna. Ekki er gert ráð fyrir veitingasölu til safnsins vegna verktaka, starfsmanna og móttöku gesta (risnu).

2. Gjöld: 2.712.964

Launakostnaður er áætlaður kr. 789.964 eða 29% af rekstrargjöldum. Hráefniskostnaður er áætlaður kr. 550.000 sem er 20% af gjöldum. Þá er þátttaka Skógakaffis í rekstri húsnæðis áætluð 1.049.000 og annar rekstrarkostnaður kr. 135.000.

Samantekt - Samstæðuyfirlit

Samkvæmt þessari áætlun er gert ráð fyrir rekstrarhalla gangi hún eftir. Í samstæðuyfirliti kemur fram að áætlaðar tekjur safnsins í heild verði kr. 77.230.000 og lækki um 48,4% frá ársreikningi 2018. Rekstrargjöld eru hins vegar áætluð kr. 111.490.699 eða 35,5 prósentum lægri frá 2018. Þar af eru afskriftir kr. 13.441.000 sem er 4% lækkun frá ársreikningi 2018. Af heildartekjum eru tekjur af eiginlegri starfsemi kr. 41.470.000 eða 53,7% og framlög sveitarfélaga og ríkis 35.760.000 milljónir eða 46,3%.

Rekstrartap fyrir fjármagnsliði verður samkvæmt þessari áætlun kr. 34.260.699. Tekjutap eftir fjármagnsliði mun samkvæmt þessari áætlun nema kr. 38.262.366 sem er 40% meira tap á samstæðunni miðað við árið 2018.

Í þessari fjárhagsáætlun er óhjákvæmilegt að reikna með öðru en miklu tapi á rekstinum. Heimsfaraldur kórónuveiru hefur orðið til þess að hingað koma örfáir erlendir gestir sem hefur verið aðal tekjulind safnsins frá aldamótum. Nú þegar ljóst er að Hótel Edda verður ekki lengur starfrækt í húsnæði Skógaskóla fellur töluverður rekstrarkostnaður Skógaskóla á safnið. Laun og launatengd gjöld hafa einnig hækkað á undanförunum árum og gerir þessi áætlun ráð fyrir 3% launahækkun vegna núverandi kjarasamninga. Starfsfólki hefur verið haldið í lágmarki á árinu og safnið hefur nýtt sér hlutabótaleið stjórnvalda. Ekki hafa verið keyptar vörur fyrir verslunina frá því í febrúar og selt hefur verið úr þeim birgðum sem til eru.

Skógasafn er eitt elsta safn landsins og hefur allt frá upphafi staðið í öndvegi í söfnun og varðveislu menningarminja Rangæinga og Vestur-Skaftfellinga. Á síðasta ári fagnaði safnið 70 ára afmæli sínu í Skógaskóla og greinilegt er að íbúar í umdæmi safnsins og víðar sýna starfseminni áhuga.

Núna liggur ljóst fyrir að erfitt verður fyrir safnið að standa undir skyldum sínum sem viðurkennt safn á núverandi ári gagna þessi áætlun eftir.

Skógum, 1 september 2020

Andri Guðmundsson
Forstöðumaður